

Ársskýrsla Fuglaverndar 2013

Lögð fram á aðalfundi 10. apríl 2014

Stjórn starfsársins var kosin á aðalfundi þann 20. apríl 2013 og skipti hún með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum á þennan hátt:

Jóhann Óli Hilmarsson, formaður Fuglaverndar; Jakob Sigurðsson, varaformaður; Hjálmar A. Jónsson, ritari, Daníel Bergmann, gjaldkeri; Ásgerður Einarsdóttir, Sindri Skúlason og Aron Leví Beck Rúnarsson meðstjórnendur. Stjórnin hélt 9 fundi á árinu.

Aðalfundur ákvað óbreytt árgjald á starfsárinu. Í desember voru skráðir félagsmenn 1143 og er þá fjölskylduaðild tekin sem einn félagsmaður.

Rekstur

Skrifstofa

Fuglavernd leigir skrifstofuaðstöðu af Landvernd í Þórunnartúni 6 þar sem Skógræktarfélag Íslands er einnig til húsa. Framkvæmdastjóri félagsins í fullu starfi er Hólmfríður Arnardóttir. Margrét Víkingsdóttir var í hlutastarfi fyrir okkur og Landvernd frá júní til nóvember.

Félagið festi kaup á húsnæði að Hverfisgötu 105 og nýtti til þess arf Hjálmars R. Bárðarsonar. Töldum við arfinum vel varið með því að slá föstum stoðum undir rekstur félagsins, en aðstaðan í Þórunnartúni var fyrir löngu farin að standa starfinu fyrir þrifum.

María Magnúsdóttir á Blönduósi hefur styrkt félagið rausnarlega.

Fimmtugsafmæli Fuglaverndar

Félagið varð fimmtugt í janúar og var haldið uppá afmælið með pompi og pragt þann 20. apríl, auk hátíðarútgáfu Fugla, Arnarits o.fl. Afmælishátíðin var haldin í Nauthól og tókst mjög vel. Á undan henni var aðalfundur félagsins. Þar voru kjörnir þrír nýjir heiðursfélagar, Hálf dán Björnsson, María Magnúsdóttir og Skúli Gunnarsson. Afmælisávarp formanns var birt í síðustu Fuglum, þar þakkaði hann sérstaklega fráfarandi umhverfisráðherra, Svandísi Svavarsdóttur, fyrir gott starf. Ásgerður Einarsdóttir bar þunga hátíðarinnar á herðum sér ásamt Önnu Maríu Lind Geirsdóttur.

Athugasemdir og kærur

Fuglavernd gerði athugasemdir við endurskoðun nýju náttúruverndarlaganna. Einnig við uppsetningar tveggja vindmylla í Þykkvabæ. Fulltrúar Ramsar-samningsins komu til landsins í kjölfarið á kæru Fuglaverndar og Landverndar vegna fyrrihugaðrar Bjarnarflagsvirkjunar við Mývatn. Tókum þátt í að gagnrýna landsskipulagsstefnu með Náttúruverndarsamtökunum og Landvernd.

Fuglavernd kærði fýladráp unglunga á Reyðarfirði og reyndi að hindra ólöglegt blesgæsadráp í Landeyjum.

Útgáfa og miðlun

Afmælisútgáfa Fugla kom út um haustið, stærra og veglegra en venjulega.

Vegna fimmtugsafmælisins og aldarafmælis friðunar arnarins gáfum við út fallett rit um haförninn. Því var dreift ókeypis til félaga og rúmlega 700 eintök af ritinu fóru til menntastofnanna á vestfjörðum og vesturlandi - samtals 28 skóla á arnarsvæðum. Umhverfisráðuneytið og Hjálmarssjóður styrktu útgáfuna, sem var unnin í samstarfi við Náttúrufræðistofnun. Daníel Bergmann ritstýrði bæði Fuglum og arnarritinu.

Þrjú ný jólakort komu út um haustið með myndum eftir Sindra Skúlason, Daníel Bergmann og Jóhann Óla Hilmarrsson.

Handbók fyrir leikskóla um fugla kom út eftir erfiðar fæðingahríðir. Það sló strax í gegn og var m.a. kynnt á málþingi kennara og leikskólakennara í raungreinum. Það var sent frítt á alla leikskóla landsins. Höfundar eru leikskólakennararnir Gerður Gylfadóttir og Jóhanna Torfadóttir. Umhverfisráðuneytið, Þróunarsjóður námsbóka og Umhverfissjóður Landsbankans styrktu útgáfuna.

Fésbókarsíðan naut vaxandi vinsælda og eru áhangendur hennar nú komnir yfir 2700. Þar eru birtir ýmsir fróðleiksmolar um fugla og fuglalíf landsins ásamt tilkynningum um atburði félagsins. Jafnframt hefur vefur félagsins stækkað og dafnað á árinu og garðfuglavefurinn er nú hýstur hjá Fuglavernd.

Friðlandið í Flóa

Vinna hélt áfram í Friðlandinu við að búa í haginn fyrir fólk og fugla. Alex Máni Guðríoðarson var í hlutastarfi við athuganir og umhirðu, þar sem vinnuskóli sveitarfélagsins og Fuglavernd lögðu í púkk. Kamar var reistur við bílastæðið. Mikill fjöldi gesta heimsótti Friðlandið. Þetta sumar var óvenju blautt.

Samstarf við Umhverfisráðuneytið

Nokkrir fundir voru haldnir með starfsmönnum ráðuneytisins á árinu, bæði að frumkvæði félagsins og svo sem hluti af samstarfssamningi ráðuneytisins og frjálsra félagasamtaka.

Fuglavernd tók þátt í samstarfi frjálsra félagasamtaka á degi íslenskra náttúru.

Sendum ítrekun á ráðuneyti um mikilvægi þess fyrir fuglalíf að hreinsun stöðuvatna (sérstaklega á Suðurlandi) gangi eftir og að ráðuneytið breyti reglum og lögum í samræmi við vatnatilskipun Evrópusambandsins eins og til stóð. Ragnhildur Sigurðardóttir er fulltrúi okkar í nefndinni sem sér um aðlögun regluverks um vatn að Evrópuregluverkinu.

Ráðuneytið styrkti starfsemi Fuglaverndar, eins og fram kemur í ársreikningum félagsins.

Innganga í Evrópusambandið og erlent samstarf

Fuglavernd skilaði athugasemdum við samningsmarkmið Íslands í desember og fulltrúar félagsins sóttu kynningarfundum um hvaða undanþágur Ísland hugðist sækja um varðandi fuglategundir sem veiddar eru héraðs, en viðaukar fuglatilskipunar ESB banna veiðar á. Í flestum tilvikum vorum við ósammála undanþáguumsóknunum.

Ivan Ramirez og Angelo Caserta frá *BirdLife* skrifstofunni í Brussel heimsóttu okkur í september. Heimsókn þeirra snerist um fulla aðild Fuglaverndar að *BirdLife* og leiðir til að forða sjófuglum frá því að lenda í veiðarfærum. Þeir hittu m.a. fólk frá tveimur ráðuneytum, Veiðarfærasérfræðing frá Hafró, sjófuglanefndina okkar og tvo stjórnarmenn. Umsókn okkar um fulla aðild var tekin fyrir í október. Endanlegri afgreiðslu var slegið á frest, meðan við sníðum nokkra vankanta af starfsemi og skoðum athugasemdir frá þeim.

Hólmfríður sótti heimsfund *BirdLife International* í höfuðborg Kanada, Ottawa í júní og stefnumótunar- og verkefnafund í Vín í nóvember. Formaður sótti fund og hélt erindi á fundi um hlutverk frjálsra félagasamtaka í boði EEA sjóðsins í Söpiu í nóvember.

IBA – Alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði

BirdLife veitti okkur styrk til að ráða Ellen Magnúsdóttur í einn mánuð til að skrá mikilvæg hafsvæði fyrir fugla við landið, fyrir svonefnda IBA Marine skrá. Með henni starfaði nefnd sérfræðinga, Arnþór Garðarsson, Erpur Snær Hansen og Guðmundur A. Guðmundsson, auk Hólmfríðar. Við fengum síðan styrk frá ráðuneytinu á þessu ári til að gefa efnið út.

Sýningar, fyrirlestrar og viðburðir

Fræðslufundir

Fræðslufundir voru haldnir í hinum ágæta sal Arion-banka við Borgartún. Þeir voru fimm á árinu. Á fundunum bauð Fuglavernd uppá varning sinn til sölu og voru þeir allir vel sóttir.

Á fyrsta fræðslufundi ársins, 23. janúar, fjallaði Borgný Katrínardóttir um rannsóknir sínar á spóanum.

Þann 15. mars fjallaði Aðalsteinn Örn Snæþórsson um lífsbaráttu rjúpunnar að sumarlagi.

Afmælisfundinum 20. apríl voru gerð skil hér á undan. Á aðalfundi sem haldinn var samhliða voru samþykktar ályktanir gegn virkjun við Mývatn og um endurheimt votlendis.

Vetrarstarfið hófst með því að Sigurður Ægisson sagði frá alþýðuheitum íslenskra fugla þann 31. október.

Loks sagði Lilja Jóhannesdóttir frá rannsóknum sínum á fuglalífi á landbúnaðarsvæðum á Suðurlandi á fræðslufundi félagsins þann 28. nóvember 2013.

Myndasýning

Fuglavernd og Nýherji efndu til ljósmyndasýningar í sal Nýherja í Borgartúni 9. október, þar sem nokkrir félagar sýndu myndir og Nýherji kynnti Canon linsur. Áhugi er á áframhaldandi samstarfi hjá báðum aðilum.

Fuglaskoðun

Fuglavernd stóð fyrir vettvangsfræðslu og fuglaskoðunarferðum á árinu, bæði á eigin vegum og í samstarfi við aðra.

Fuglaganga í samvinnu við Grasagarðinn í Laugardal var 5. maí, Hannes Þór Hafsteinsson leiðbeindi. Í tilefni af Alþjóðlega farfugladeginum var fuglaskoðun á Álftanesi 12. maí, Ólafur Á. Torfason leiddi hana. Örn Óskarsson leiddi göngu um Friðlandið í Flóa 16. júní. Fuglaskoðun var í samstarfi við Norræna húsið í Vatnsmýri fjóra laugardaga í júní, Arnór Þrastarson, Aron Leví og Alex Máni leiddu göngurnar. Edward B. Rickson leiðbeindi í fuglaskoðun í Heiðmörk 4. júlí, í samvinnu við Skógræktarfélag Reykjavíkur. Hann leiðbeindi einnig í fuglagöngu í Nauthólsvík, í samstarfi við Ylströndina þann 13. ágúst. Loks var ganga á degi íslenskrar náttúru, 16. september, í Heiðmörk í samvinnu við Skógræktarfélagið. Aron Leví Rúnarsson var leiðsögumaður.

Garðfuglar

Garðfuglakönnun veturinn 2013-2014 hófst í lok október og stendur út apríl. Hún var nú haldin í 20. sinn. Þátttaka var í dræmara lagi. Garðfuglahelgi er styttri athugun. Henni var hrundið af stað veturinn 2004 og var nú haldin frá 25.-28. janúar 2013. Þátttaka var góð, 170 manns tóku þátt á 142 athugunarstöðum. Ólafur Einarsson og Örn Óskarsson eru umsjónarmenn þessara viðburða en Ólafur hefur haldið utan um garðfuglakönnun frá upphafi.

Hollvinir Tjarnarinnar komu saman í fyrsta sinn þann 7. apríl. Það er óformlegur hópur Fuglaverndar og Norræna hússins, sem hefur þann tilgang að hlúa að lífríki Tjarnarinnar og Friðlandsins í Vatnsmýrinni. Sjálfboðaliðar hreinsuðu rusl í friðlandinu, klipptu runna og fleira til hagsbóta fyrir varpfugla.

Annað

Eftir talsvert þóf og lobbýisma af hálfu Fuglaverndar, var AEWA samningur undirritaður um vorið. AEWA stendur fyrir Agreement of the Conservation of African-Eurasian Migratory Waterbirds, þýði nú hver sem vill. Samningurinn kveðjur á um aðgerðir til verndunar votlendisfugla á viðkomustöðum þeirra og nær því til fjölda fuglategunda sem verpa eða hafa áningarstað á Íslandi.

Við tókum þátt í grænni göngu 1. maí í samstarfi við önnur náttúruverndarsamtök.

Fuglavernd var í samstarfi við Náttúrufræðistofnun vegna ráðgjafar um rjúpnaveiði og veiðistjórnun og sótti Jakob Sigurðsson fundi vegna þessa.

Fuglavernd minnti á friðun blesgæsa þegar gæsaveiðar hófust síðsumars, og að virða veiðitakmörk á rjúpu. Einnig á fóðrun garðfugla í vetrarhörkum.

Að venju tók Fuglavernd þátt í jólamarkaði Skógræktarfélags Reykjavíkur á Elliðavatni.

Stokkseyri 9. apríl 2014

Jóhann Óli Hilmarsson